



Vogabyggð ehf.
Alexander G. Alexandersson
Pósthólf 8787
108 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 29. júní 2020
Tilv.: UMH20060111/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis frá Alexander G. Alexanderssyni, stjórnarformanni Vogabyggðar ehf., frá 22. júní sl. þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið skoði það að verða við beiðni Vogabyggðar ehf. sem lóðarhafa og jarðverktakans Dráttarbílar ehf., sem umsækjanda um starfsleyfi fyrir hönd lóðarhafa, um undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á lóðinni. Ráðuneytið lítur svo á að með erindi þessu er Vogabyggð ehf. að sækja um undanþágu frá starfsleyfi f.h. Dráttarbíla Vélaleigu ehf. kt. 560301-3160. Fram kemur í framangreindu erindi að samkvæmt deiliskipulagi Reykjavíkurborgar eigi m.a. umrædd lóð að fara undir fjölbýlishús. Lögfræðingur hjá Reykjavíkurborg hafi gefið fyrrum lóðarhafa ítrekað frest til þess að fjarlægja gamalt atvinnuhús af lóðinni. Það hafi verið sett í ferli eftir að búið hafi verið að ganga formlega frá kaupum á lóðinni fyrir hönd núverandi eiganda. Jarðverktaki, Dráttarbílar ehf., sem sé nú þegar við vinnu á lóðinni við hliðina hafi verið ráðinn til að taka að sér niðurrifið. Sótt hafi verið um byggingarleyfi til Reykjavíkurborgar vegna niðurrifsins sem hafi verið samþykkt með skilyrði um samþykkt heilbrigðiseftirlits. Sótt hafi verið um starfsleyfi. Vegna aðstæðna á byggingarsvæðinu sé bráðnauðsynlegt að ljúka niðurrifi á umræddri lóð sem fyrst.

Ráðuneytið vísar einnig til erindis Reykjavíkurborgar frá 22. júní sl. þar sem óskað er eftir að undanþágu frá starfsleyfi f.h. Vogabyggðar ehf. 520220-3210, lóðarhafa Dugguvogs 41 í Reykjavík verði samþykkt af hálfu ráðuneytisins. Í erindinu kemur fram að fyrirhugað sé að byggja íbúðarhúsnæði á lóðinni í samræmi við breytt deiliskipulag. Með tilkomu nýs deiliskipulags hafi legu gatna verið breytt og standi nú yfir gatnaframkvæmdir á svæðinu. Fyrirhugað sé að leggja götuna Kuggavog sem verði staðsett að hluta til á þeim stað sem húsið á lóðinni Dugguvogur 41 standi núna. Framkvæmdir við nýbyggingar í hverfinu og umhverfis umrædda lóð séu löngu hafnar. Samkvæmt deiluskipulagi Reykjavíkurborgar eigi m.a. umrædd lóð að fara undir fjölbýlishús. Búið sé að semja við verktaka um að taka að sér niðurrifið. Sótt hafi verið um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur í samvinnu við verktakann þann 15. júní sl. og hafi starfsleyfistillaga verið sett í auglýsingu samdægurs. Í erindinu komi fram að vegna aðstæðna á byggingarsvæðinu sé bráðnauðsynlegt að ljúka niðurrifi á umræddri lóð sem fyrst. Stafi bæði ákveðin hætta af húsinu sem sé autt og yfirgefið þar sem barnafjölskyldur séu fluttar inn í nýbyggingu við hliðina. Vegna gatnaframkvæmda sé einnig nauðsynlegt að niðurrif geti hafist sem fyrst þar sem Reykjavíkurborg sé að endurskipuleggja götur og leiðir í nýju hverfi, Vogabyggð.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allar atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4.

mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. máls. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 26. júní sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Ljóst sé í þessu tilfelli að fullnægjandi umsókn hafi borist útgefanda starfsleyfis enda hafi tillaga að starfsleyfi verið í auglýsingu frá 15. júní sl. Aftur á móti telji stofnunin að óljóst sé hvort nægilega ríkar ástæður mæli með því að undanþága verði veitt sem myndi þar með svipta almenning aðkomu að málinu. Umhverfisstofnun bendi á að hér sé um tímabundinn atvinnurekstur að ræða og verði undanþága veitt telji stofnunin mikilvægt að fylgt verði skilyrðum starfsleyfistillögu þeirri er Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi nú þegar auglýst og gildi undanþágan einungis þar til starfsleyfi hefur verið gefið út.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti, dags. 23. júní sl. Þar kemur fram að nefndin hafi mótttekið umsókn Dráttarbíla Vélaleigu ehf. kt. 560301-3160 um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif við Dugguvog 41, umsóknin sé metin fullnægjandi. Nefndin telji að starfsemin falli undir lið 10.8; Niðurrif húsa og annarra bygginga, í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Tillaga að starfsleyfi sé í auglýsingu á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og er auglýsingatími sé til 13. júlí nk. Byggingafulltrúinn í Reykjavík hafi samþykkt byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni og sé tillaga að starfsleyfi í samræmi við samþykkt byggingarleyfi. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gefi jákvæða umsögn fyrir því að Dráttarbílum Vélaleiga ehf. verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi til niðurrifs á meðan nefndin ljúki afgreiðslu umsóknar fyrirtækisins í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, að því gefnu að fyrirtækið fylgi ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja. Taka þurfi afstöðu til útgáfu starfsleyfis innan fjögurra vikna frá lokum auglýsingatíma. Líklegt sé að niðurstaða liggja fyrir fyrir lok júlí. Möguleg undanþága gæti gilt þar til nefndin hafi lokið afgreiðslu umsóknarinnar og eigi lengur en til loka júlí. Þar sem niðurrifið nær til byggingarinnar í heild fær nefndin ekki séð að hægt sé að afmarka starfsemina við annað en það.

Í framangreindu erindi sækir lóðarhafi Dugguvogs 41, Vogabyggð ehf. kt. 520220-3210, f.h. Dráttarbíla Vélaleiga ehf. kt. 560301-3160 um undanþágu frá starfsleyfi til niðurrifs á húsnaði á lóð við Dugguvog 41 í Reykjavík. Þær ríku ástæður sem mæla með veitingu undanþágu frá starfsleyfi koma fram í umsókn um undanþáguna um að hætta stafi af húsinu sem er autt. Barnafjölskyldur eru fluttar inn í byggingu við hliðina og um er að ræða íbúðarsvæði þar sem eru nýbyggingar. Væri um gróið íbúðarhverfi að ræða þar sem byggingaframkvæmdir væru sjaldgæfar telur ráðuneytið hæpið að veita slíka undanþágu. Reykjavíkurborg tekur undir umsóknina. Verið er að vinna að gatnagerð fyrir nýtt íbúðarhverfi. Fyrirhugað er að byggja samkvæmt nýju deiliskipulagi og hefur umrætt hús áhrif á gatnagerð sveitarfélagsins. Þá bendir borgin á hættu þar sem húsið byrgir sýn og þrengir götuna. Það skapi áhættu fyrir öryggi verktaka og þegar hafi orðið óhapp og verki verið frestað þar til húsið fer. Telur ráðuneytið að taka verður mið öryggi íbúa og verktaka við ákvörðun um undanþágu. Fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist og er í auglýsingu. Í ljósi þess sem að framan greinir og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið Dráttarbílum Vélaleigu ehf. kt. 560301-3160 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til niðurrifs á húsnæði á lóð við Dugguvog 41 í Reykjavík.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs á húsi á lóð við Dugguvog 41.
2. Verktaki skal fara að skilyrðum starfsleyfis samkvæmt reglugerðum nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja, sbr. tillögur að auglýstu starfsleyfi, sjá: <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>.
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Verktaki ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber verktaka að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefi út en þó eigi lengur en til 1. ágúst 2020.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd_Reykjavíkur
Reykjavíkurborg_Skrifstofa_borgarstjóra_og_borgarritara
Dráttarbílar vélaleiga ehf.